

-Jólaboðið-

Það heyrir í fót skrefum fyrir utan herbergið. “Halló, má ég koma inn?” Þetta er pabbi. “Já” hann opnar hurðina og stígur inn fyrir. “Hæ elskan, fyrst að 24. desember eða réttara sagt jólin, eru eftir nokkra daga.” Ég veit sko alveg hvert hann er að fara með þetta. “Þá var okkur boðið í jóla matarboð hjá ömmu Ingun um jólin.” Ég vissi það! Bíddu ha? “Ha! Erum við ekki að fara að vera með mömmu um jólin?” Þegar ég segi við þá er ég að tala um mig og systur mína og ef að þið eruð svolítið týnd þá eru sem sagt mamma og pabbi skilin. Mamma sagði bara “Þetta var bara ekki alveg að virka, við elskum hvort annað samt mjög mikið ennþá.” Ég trúði bara því sem ég heyrði. Við erum vanalega hjá mömmu um jólin og pabbi með nýju konunni sinni. “Nei því miður elskan, við erum ekki að fara að vera með mömmu þinni í ár. Það verður bara gaman að gera eitthvað annað í smá stund.” “En hvað með mömmu? Verður hún ekki bara leið að við komum ekki að hitta hana um jólin?” Mér var farið að líða smá illa. “Mamma þín ætlar að vera með vinkonu sinni í ár.” Segir pabbi en hikar smá. “Á mamma eiginlega einhverjar vinkonur?” Segi ég í djóki. “Heyrðu jú, hún á alveg einhverjar vinkonur. Þú ert samt að fara með okkur í mat til ömmu þinnar, við getum jú ekki skilið þig eftir.” Segir hann og labbar út.

Eftir nokkra langa daga voru komin jól. “Vakna, vakna, það eru jól!” Öskrar litla systir mín í eyrað á mér og auðvitað vekja öskrin mig strax. “Ha?” Segi ég ennþá hálf sofandi. “Þú verður að koma fram! Það eru fullt af pökkum frammi.” Æpir hún. “Já já, ég er að koma.” Hún hleypur fram og ég labba hægt og þreytulega á eftir. Allt í einu skína björt ljós af jólatrénu beint í augun mín. Ég nudda aðeins augun og þá sé ég rifinn gjafapappír á gólfinu. “Af hverju er pappír á gólfinu? Nei, Margrét varstu að opna pakka núna?” “Nei, þetta var bara Moli (hundurinn okkar).” Ég horfi á hana með svokallaðri dauða störu “Plís ekki segja pabba.” Hún var ekki einu sinni að reyna að fela pappírinn. “Ekki opna fleiri pakka. Ef þú opnar annann pakka þá mun ég segja pabba.” Segi ég og labba aftur inn í herbergið mitt. Ég opna hurðina inn í herbergið mitt og þá sé ég Mola uppi í rúminu mínu og hundakúk á gólfinu við hliðina á honum. “Moli! Ojji bara.” Ég tek Mola upp, passa upp á að halda honum langt frá mér og ég strunsa fram. “Margrét! Moli kúkaði inni í herberginu mínu út af því að þú gleymdir örugglega að hleypa honum út.” Ég fæ ekkert svar, hún lætur bara eins og ég sé ekki þarna. “Urgghh!” Garga ég á meðan ég læt Mola niður. Ég fer inn á baðherbergi og næ í eina klósettpappírsrúllu. Ég fer svo inn í herbergi, næ mér í klósettpappír og byrja að þrífa gólfið. Þegar ég er

búin að því, þá byrja ég að klæða mig. Ég fer í gallabuxur og einhvern bol sem ég fékk frá mömmu og svo þvæ ég á mér andlitið. Það heyrir í útidyrhurðinni opnast, pabbi labbar inn á það. “Er bara verið að þvo á sér andlitið?” Segir hann svo. “Já, það er mjög gott fyrir húðina, þú þarft kannski að byrja að gera það.” Sting ég upp á. “Já, ég verð kannski að byrja á því.” Muldrar hann við sjálfan sig á meðan hann labbar fram. Allt í einu kemur hann aftur. Hann er með þetta andlit, þetta “ég er með frábæra hugmynd” andlit. “Heyrðu! Eigum við að fara að skauta?” Þetta er reyndar mjög góð hugmynd. “Já það væri bara mjög gaman.” Segi ég. “Okey ég ætla að spyrja systur þína!” Ég býst þá við því að við séum að fara að skauta í dag. Ég fer í úlpu og skó og labba svo út. Pabbi og Margrét eru nú þegar í bílnum og alveg tilbúin, svo leggjum við af stað. Við erum svo komin í miðbæinn og þá sjáum við stórt skautasvell, mikið af fallegum ljósum og fullt af fólki. Við leggjum í bílastæði og förum út úr bílnum. “Vá hvað það er mikið af fólki hérna!” “Já, ég sé það.” Segir pabbi. “Heyrðu, þarna er dótið þarna, til að fara að skauta!” Segir Margrét. “Ha?” Segi ég alveg týnd. “Ó, skautasvellið.” Við förum í röð fyrir skautana og svo komum við að borðinu. “Hæ, getum við fengið skauta í stærðunum fjörutíu og fjögur, fjörutíu og þrjátíu og átta.” “Já ég skal kíkja.” Við bíðum í smá stund. “Fyrirgefðu við erum ekki með fleiri skauta í þessum stærðum akkúrat núna. Þið getið komið aftur á eftir.” “Argh ansans. Jæja þá þurfum við bara að bíða.” Segir pabbi. Við löbbum svo aftur að bílnum en svo stoppar einhver okkur. “Hæ, afsakið, ég sá að þið þyrftuð skauta.” Segir kona með tvo krakka. “Já hæ.” “Við erum með stærðirnar sem ykkur vantaði, ef þið viljið fá hjá okkur.” “Já takk!” Segir Margrét fljótt og tekur skautana. Við erum loksins komin á skautasvellið og erum að skauta. Margrét og ég höldum í hjálpargrind og pabbi byrjar að skauta eins og hann hafi verið að gera það síðan hann var í maganum á mömmu sinni. Ég og Margrét störum á hann eins og við höfum verið að sjá draug. “Hvað er að sjá ykkur?” Segir pabbi og hlær. “Hafið þið aldrei séð fullorðinn mann að skauta?” “Okey, ég vissi aldrei að pabbi væri skauta meistari.” Segir Margrét. “Veistu hvað, ekki ég heldur.” “Þegar ég var ungur þá var ég einn af þremur heimsmeisturum á skautum.” Segir pabbi. “Ha? Ég vissi það aldrei.” Hann hlær þetta bara af og skautar í burtu. Eftir sirka tvo klukkutíma erum við komin heim. Þá þurfum við að byrja að græja okkur fyrir jólaboðið. Ég fer í stutta sturtu og svo skýst ég inn í herbergið mitt. Ég opna fataskápinn minn og reyni að finna einhver fín föt en ég get ekki valið hverju ég á að fara í. “Ég veit að þið eruð að reyna að græja ykkur en ég get ekki valið mér föt, þannig að, getið þið valið fyrir mig?” Segi ég við pabba og Margréti. “Já hvar eru þau?” “Ég ætla að gera þetta aðeins

skemmtilegra og máta fötin og svo koma fram að sýna ykkur.” “Ókey! Ég er tilbúinn í þetta.” Segir pabbi spenntur. Ég kem fram í fyrstu fötunum. Ég er í svörtum buxum og rauðum palliettu glimmer bol. “Þetta er það fyrsta. Hvað finnst ykkur?” “Vá! Þú ert auðvitað alltaf falleg en þú lítur svakalega vel út núna.” Segir pabbi. “Eh, mér finnst þú geta gert betur.” Segri Margrét. “Ókey þá.” Ég fer aftur inn í herbergi og kem svo út í rauðum kjól með blúndum á. “Þetta er eitthvað sem ég myndi vera í og mér finnst þetta bara vera mjög flott á þér.” Segir Margrét “Takk fyrir, en þér pabbi. “Ég veit ekki alveg hvernig mér finnst hann á þér. Hann er svolítið lítill.” “Já hann er líka smá óþæginlegur.” Ég fer aftur og skipti í þriðju fötin. Ég kem fram í nokkuð síðum, grænum glimmer kjól. “Jebb þetta er það!” Segir pabbi mjög fljótt. “Já mér finnst þessi eiginlega vera flottari en hinn.” Segir Margrét. “Ókey þá verð ég í þessu.” Ég fer aftur inn í herbergi, mála mig og set perlukeyrnalokka í eyrun mín. Ég er farin að líta mjög mikið út eins og amma mín þegar hún var yngri. Við leggjum svo af stað heim til ömmu. Ég hef ekki farið heim til ömmu síðan hún flutti. Við leggjum fyrir utan húsið hennar og þá sé ég að við erum þau einu sem eru komin. Við bönkum á hurðina og enginn svarar. Við bönkum svo aftur til að vera alveg viss og þá kemur gamall maður til dyra. “Halló, þekki ég ykkur?” Segir gamli maðurinn. “Nei ég held ekki, en er Ingun hér?” Spyr pabbi. “Já núna man ég eftir ykkur, þið eruð Jana, Freyja og Halldór. Komið inn” Segir gamli maðurinn og dregur okkur inn. “Nei en-.” Pabbi nær ekki alveg að klára setninguna. “Hann sest niður í sófa og segir okkur að setjast niður líka. “Halló... Hvað heitir þú?” Spyr ég forvitin. “Ég heiti Karl... Eða hvað” Segir maðurinn greinilega að efast um sjálfan sig. “Frábært, uhm veistu hvar Ingun er?” Segir pabbi. “Hver er Ingun?” Spyr Karl. “Viljið þið koma með mér í veislu í næsta húsi!?” Segir hann svo. “Hvaða veislu?” Spyr pabbi. “Hjá nýja nágranna mínum, Inguni.” “Ha? Af hverju sagðir þú ekki bara að hún ætti heima við hliðina á?” Segir pabbi á meðan hann stendur upp. Svo löbbum við bara út og í næsta hús. Við bönkum á hurðina og amma kemur til dyra. “Halló elskurnar mínar!” Segir amma. “Hæ amma!” “Hæ mamma.” Segir pabbi “Heyrðu, komið þið inn fyrir.” Segir amma kát. Við löbbum inn í anddyrið og ég sé nokkrar manneskjur inni í stofunni. Þar eru frænka mín og frændi, Ólöf og Fannar, mamma þeirra og pabbi, Sanja og Þór, afi Steinar, besti vinur hans afa og annar frændi minn (bróðir pabba) sem heitir Arnar. “Halló Erla, það er langt síðan ég sá þig. Þú ert búin að stækka svo mikið síðan ég sá þig síðast.” Segir Sanja frænka. “Ég er nú ekki búin að stækka það mikið.” “Vá hvað það er góð lykt hérna inni, hvað er verið að elda?” Segir pabbi allt í einu. “Það kemur í ljós.” Segir amma. “Hvert fór afi? Hann var hérna rétt áðan.” “Hann fór

að ná í eitt.” Allt í einu opnast útidyrhurðin og afi kemur inn með risa stórt jólatré. “Haldið þið að það passi í gegnum hurðina?” Segir afi. Við förum öll til afa og hjálpum honum að koma trénu inn í húsið. Tréð nær rétt svo að komast inn. “Á jólatréð að beygjast svona á endanum?” Spyr Ólöf. “Já já segjum það bara.” Segir afi. “Það er kominn matur.” “Heyrðu, ég þarf að fara núna. Vinur minn er uppi á spítala.” Segir Arnar frændi. “Hvað gerðist-!? Amma nær ekki að klára spurninguna út af því að Arnar er nú þegar farinn. “Þetta var skrítið...” Segir pabbi. “Já, ég vona að það sé allt í lagi með vin hans.” Segir Fannar. Það er hamborgarhryggur, brúnaðar kartöflur, sætar kartöflur, salat og óáfengur ávaxtakokteill í matin. Amma byrjar að leggja matinn niður á borðið. Allt í einu heyrir hár skellur. “Anskotin!” Æpir amma. Hún hafði misst hamborgarhrygginn í gólfíð. “Hvað erum við að fara að borða núna?” Spyr Margrét. Amma starir í smá stund út í loftið. “Heyrðu! Veistu hvað, það er afgangs kjúklingur inni í ísskáp. Ég get bara hitað hann upp.” Segir hún. “Það er þá að minnsta kosti eitthvað til að borða saman.” Segir afi. Hún kryddar kjúklinginn aðeins, burstar á hann smá bráðið smjör og setur hann inn í ofn. “Gjörið þið svo vel, fáid ykkur eins mikið og þið viljið... Ekki það að það sé mikið til að fá sér.” Allir fara að hlæja og fá sér svo af matnum. Þegar við erum búin að borða þá söfnumst við saman í kringum Jólatréð. “Jæja allir, hvernig ætlum við að gera þetta?” Segir amma. “Ég er að hugsa um að við krakkarnir skiptumst á að bera út pakka til allra.” “Allt í lagi, þá gerum við það.” Ég byrja á því að taka upp pakka. “Þessi pakki er til Sönju, frá Ömmu.” Ég rétti út pakkann og Sanja tekur á móti honum. Hún opnar pakkann og í pakknum er prjónuð peysa og múmínbolli. “Takk fyrir!” Segir Sanja. “Verði þér að góðu, ég prjónaði peysuna sjálf og keypti þennan bolla út af því að ég vissi að þér langaði í svoleiðis.” Þær knúsast og við höldum áfram að opna pakkana. Eftir stutta stund erum við búin að opna alla pakkana. “Heyrðu amma, getur þú skutlað mér til mömmu?” “Já, ertu búin að fá leyfi?” “Jebb, pabbi sagði að hún vildi hitta mig.” Ég sest inn í bílin og amma byrjar að keyra. Við leggjum í bílastæði fyrir framan húsið hennar mömmu. Ég labba að hurðinni hennar og banka. Enginn svarar þannig að ég opna bara hurðina. Ég labba inn í húsið, það er allt dimmt og það er engann að sjá. Ég labba inn í herbergið hennar mömmu og þá sé ég mömmu uppi í rúmi að horfa á rómans jólamynd með Arnari. “Mamma!”